

GÆÐASTAÐALL UM ÞVAGLEKAMEDFERÐ ALDRAÐRA

Skilgreining á þvagleka:

-Þvagleki er sjáanlegur og óviljandi missir þvags sem veldur félagslegum og hreinlætislegum vanda. Meðal íbúa á vist- og hjúkrunarheimilum eru yfir 50% íbúa greindir með þvagleka.

STAÐALL

- Að íbúar í Sóltúni sem þjást af þvagleka geti náð sem mestum mögulegum lífsgæðum þrátt fyrir heilsufarsvandann.
- Að algengi þvagleka íbúa sé sem lægst.
- Að öllum íbúum sem þjást af þvagleka sé boðið upp á reglubundnar salernisferðir.
- Að bleiunotkun sé sem minnst og þar sem hennar er þörf sé notuð minnsta stærð sem dugar.
- Að þvagleggir séu eingöngu notaðir í undantekningartilvikum.
- Að tíðni þvagfærasýkinga sé sem lægst.

UPPBYGGINGARVIÐMIÐ

- Íbúar sem hafa vitræna getu til að meðtaka fræðslu séu fræddir um mikilvægi vökvatekju og hvattir til að biðja starfsfólk um aðstoð á WC í tæka tíð.
- Umhverfi og tækjabúnaður ýti undir eðlilega þvaglosun, svo sem að gott aðgengi sé að lyfturum, WC stólum og þvagflöskum.
- Starfsfólk hafi þekkingu til að veita faglega aðhlyningu við neðanþvott. Þekki einkenni þvagfærasýkinga og viðhafi góða húðumhirðu til að fyrirbyggja fylgikvilla þvagleka. Starfsfólk viti um mikilvægi nægrar vökvatekju aldraðra. Sérlega sé hlúð að óreyndu starfsfólki í þessum efnum.
- Upplýsinga sé safnað um það sem tengist þvagleka íbúa og þær uppfærðar reglulega. Þau gögn séu skoðuð 2 x á ári af þvaglekateyminu..
- Allt sem lýtur að þvagleka sé í stöðugri endurskoðun og í takt við bestu fræðiþekkingu hverju sinni.
- Samvinna sé milli starfsstétta til að ná bestum mögulegum árangri.

FRAMKVÆMDAVIDMIÐ

- Við mat á heilsufari séu þeir íbúar greindir sem eru í áhættuhóp og greining skráð í Sögu/RAI mat. Við matið séu notuð þar til gerð hjálpartæki svo sem þvaglátaskrá og vætuskynjari.
- Einstaklingshæfð meðferðaráætlun fyrir íbúa með þvagleka.
- Fræðsla um viðfangsefnið til starfsfólks og til hins aldraða þar sem vitræn geta leyfir.
- Aðbúnaður og aðstæður metnar reglulega og bætt úr þeim atriðum sem hafa hindrandi áhrif á eðlilega þvaglosun.
- Íbúar sem þjást af þvagleka fari reglulega á salerni (eða noti flösku/bekken).
- Starfsfólk aðstoði íbúa fúslega og bregðist skjótt við beiðni um aðstoð.
- Bleiunotkun hvers íbúa sé í sífelldri endurskoðun.
- Góð húðumhirða veitt og starfsfólk sé vakandi fyrir sýkingareinkennum.

Þvaglekateymi Sóltúns

- Hvatt til aukinnar vökvatekju íbúa og starfsfólk sé vakandi að gefa þeim íbúum sem ekki eru færir um það sjálfir. Starfsfólk kunni að meta lit á þvagi í því sambandi.
- Starfsfólki kunni faglega umgengni þvagleggja og íbúi einnig fræddur hafi hann vitræna getu til að meðtaka.
- Þvaglekateymið hittist 2 x á ári og fari yfir stöðuna í heild, starfsfólk á hverri hæð sé stöðugt vakandi og leiti til teymismanna ef þörf er á.

ÁRANGURSVIÐMIÐ

- Allir íbúar sem þjást af þvagleka hafi verið metnir af fagfólki, niðurstöður verið skráðar og viðeigandi meðferð valin, og að allt ferlið sé í sífældri endurskoðun.
- Að íbúar og aðstandendur telji þvaglekameðferð sem veitt er á Sóltúni sé framúrskarandi.
- Að starfsfólk telji sig upplýst um þvagleka og faglegar meðferðir við honum og að þær séu viðhafðar í Sóltúni.
- Að algengi þvagleka íbúa sé að hámarki 40%.
- Að þvagleggjanotkun íbúa sé að hámarki 7%
- Að tíðni þvagfærasýkinga íbúa sé að hámarki 20%

©Þvaglekateymi Sóltúns júlí 2005